

Valdastofnanir ESB og EES Samningurinn

Reynsla ESB af bankahruninu 2008 og orkukreppan í Evrópu 2009 varð til þess að settar voru á fót nýjar yfirstofnanir til enn frekari miðstýringar og eftirlits með þessum sviðum. Einkenni þessara stofnanna er; að þær eru valdamiklar og sjálfstæðar og án afskipta ríkisstjórna aðildarlandanna.

Hér er um að ræða:

- Eftirlitsstjórn evrópskra fjármálakerfa ESFS sem samanstendur af Evrópska kerfisáhætturáðinu (ESRB). Evrópska bankaeftirlitinu (EBA). Evrópska váttrygginga-og lífeyrissjóðaeftirlitinu (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitinu (ESMA)
9 megingerðirnar voru samþykktar á síðasta þingi. 178 gerðir sem þarf að innleiða á þessu þingi.



- Hin stofnunin er ACER. Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði. Stofnunin skal fylgjast með svæðisbundnum flutningskerfum í raforku-og gasgeiranum ásamt framkvæmd verkefna Evrópunets raforku ENTSO-E og gas, ENTSO-G.
Þessar gerðir er í vinnslu og koma fram í þingsályktun mjög bráðlega.

Stjórnarskráin og EES Samningurinn

Strax við stofnun þessara valdastofnanna 2011 taldi ESB að lög um þær yrðu að vera hluti EES samningsins og þær hefðu sama vald á öllum innri markaðnum (EES). EFTA ríki samningsins töldu fljótlega að slíkt yfirþjóðlegt vald samrýmdist ekki stjórnarskrám landanna (Noregur og Ísland). Íslensk stjórnvöld leituðu til sérfræðinga í stjórnskipunarrétti um upptöku þessara gerða, þeirra Bjargar Thorarensen og Stefáns Más Stefánssonar. Í niðurlagi álitsgreinar þeirra segir m.a:

„Innleiðing ákvæða reglugerða ESB nr. 1093, 1094 og 1095/2010, um heimildir evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart íslenskum eftirlitsstofnunum og bindandi ákvarðanir sem hafa bein og íþyngjandi réttaráhrif gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum, er háð annmörkum með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar. Í þeim felst yfirþjóðlegt vald eftirlitsstofnana þar sem þátttökuréttur Íslands er ekki tryggður og ekki um gagnkvæmni að ræða varðandi réttindi og skyldur aðildarríkjanna eða aðila innan þeirra. Með innleiðingu gerðanna yrði stigið skrefi lengra í framsali framkvæmdarvalds og dómsvalds en áður hefur verið fallist á að rúmist innan 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda samrýmist hugsanleg innleiðing reglugerðanna ekki fyrri viðmiðum um afmarkað framsal á ríkisvaldi á takmörkuðu sviði. Í ljósi þessa teljum við að framsalið rúmist ekki innan venjuhelgaðrar reglu um að almenna löggjafanum sé heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana.“

„Jafnvel þótt aðlögunartexta umræddra gerða yrði breytt þannig að ákvarðanir eftirlitsráðsins bindu aðeins íslenska ríkið og stofnanir þess yrði engu að síður verulegur vafi á því hvort hið nýja eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, sem er eðlisólíkt tveggja stoða kerfi EES-samningsins og felur í sér aukið yfirþjóðlegt vald alþjóðastofnana, væri samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrárinnar.“

HVAÐ GERÐIST, ÞEGAR ÞESSI SKÝRA AFSTAÐA UM HUGSANLEGT ÓLÖGLEGT VALDAAFSAL LÁ FYRIR?

Smuga framhjá stjórnarskránni.

„Eigi að síður kom fram í álitsgerðinni að unnt væri að vinna að lausn málsins að því tilskildu „að tveggja stoða kerfi EES-samningsins yrði notað gagnvart Íslandi“. Var í því sambandi tekið fram að höfundar teldu að íslenska ríkið hefði ákveðið svigrúm til að túlka stjórnarskrárákvæði þannig að ekki þrengi um of að möguleikum Íslands í alþjóðlegu samstarfi.“ *Úr þingsályktunartillögu um málið.*

Á fundi fjármála- og efnahagsráðherra ríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna innan EES (ECOFIN) 14. október 2014 náðist loks samkomulag milli EFTA-ríkjanna innan EES og Evrópusambandsins um meginatriði við aðlögun umræddra reglugerða að EES-samningnum.

Í samræmi við þetta var í samkomulaginu lögð áhersla á að aðlögun regluverksins yrði byggð á tveggja stoða kerfi EES-samningsins. Þannig myndu bindandi ákvarðanir gagnvart stjórnvöldum EFTA-ríkjanna innan EES og fyrirtækjum sem þar störfuðu, teknar af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), en ekki beint af eftirlitsstofnunum ESB, -þó samkvæmt fyrirmælum valdastofnanna ESB og með óbreyttu innihaldi gerðanna!! **Þetta var réttlæting fyrir aðgangi Íslands og gagnkvæmni að gerðunum.**

Allar formlegar valdheimildir verða á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA sem fær mun víðtækara starfsvið en hún hefur í dag, þar með talið aðfarahæfi að íslenskum aðilum.

Framsál dómsvalds í þessum gerðum fer til EFTA-dómstólsins frá íslenskum dómstólum, þó búið sé að innleiða gerðirnar í íslenskt lagasafn.

Upptaka gerða um **ACER** eftirlitsstofnunina voru samþykktar í sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn og framkvæmd þeirra gerða verður með sama hætti og fjármálagarðanna. Stofnunin mun því hafa valdheimildir gegnum Eftirlitsstofnun EFTA og dómsvaldið verður hjá EFTA dómstólnum.

„Samvinna innan EES“ var orðalagið í EES samningnum

„Eftir samþykktarstig gerða ESB þurfa EFTA/EES-ríkin að meta hvort hún eigi heima í EES-samningnum. Við það mat styðjast þau meðal annars við **mat Evrópusambandsins sjálf** því gerðirnar eru ýmist merktar með „**Text with EEA relevance**“ eða ekki. „

Reyndin er sú að Framkvæmdastjórn ESB merkir sjálf hvort gerðir falla undir EES samninginn og EES nefndin sendir það óbreytt til EES ríki samningsins.

..“dæmi (eru) þess að á vettvangi sameiginlegu EES nefndarinnar hafi verið samið um undanþágur og sérlausnir við löggjöf sem samþykkt hefur verið af hálfu Evrópusambandsins, svokölluð „sértæk aðlögun“. **Þróunin hvað þetta síðastnefnda varðar hefur verið á þá leið að æ erfiðara hefur reynst að ná fram slíkum undanþágum“.** Skýrsla Stýrihóps um framkvæmd EES samningsins

„Á undanförnum árum hafa samskipti EFTA-ríkjanna við fulltrúa ESB á vettvangi EES-samningsins gerst nokkuð stirð. Samskiptin eru orðin formlegri en tíðkaðist og þekking og skilningur ESB á málflutningi og óskum EFTA-ríkjanna virðist fara minnkandi. **Stífnir ESB á vettvangi EES hefur m.a. komið fram í því að sambandið hefur staðfastlega hafnað aðlögunartextum sem Ísland hefur óskað eftir fyrir tiltekna gerðir.“**

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál, lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013, bls. 46.

„**Norðmenn geta ekki nefnt mörg dæmi um að þeir hafi í raun haft áhrif á efni ESB-gerða.“** Skýrsla Stýrihóps um framkvæmd EES samningsins

Hvað er raunverulega að baki ákveðni ESB í að koma þessum gerðum inní EES samninginn ?


Hverjar er ástæður þess að Framkvæmdastjórn ESB knýr á um að gerðir séu teknar upp í EES samninginn, en hafa oft lítið erindi inn í íslensk lög?

Svarið sem við fáum þegar það er gagnrýnt er; „ að upptaka þeirra í EES-samninginn sé forsenda áframhaldandi virkar þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES á innri markaðnum“

Ef kafað er dýpra í hagsmunapólitík Evrópusambandsins er mun líklegra að að ESB vilja binda EFTA löndin sem fastast sér til hagsbóta og þá sérstaklega Noreg og Ísland fylgir með sem viðhengi vegna landfræðilegrar stöðu sinnar á Norðurslóðum. Í stofnunum ESB eru löndin (ESB og EFTA ríkin) í EES undir samheitinu Pan-Europe, og þar tekinn inní kerfi þeirra löngu áður en gerðirnar voru teknar inní EES samninginn.

Orkutílskipanirnar inn í EES samninginn er alveg augljóst hagsmunamál ESB, því með þeim ná þeir stjórn á rafmagns og gasframleiðslu Norðmanna og stærð fjármálakerfis Norðmanna og tenging þess við ESB löndin af þeirri stærðargráðu sem skiptir ESB miklu máli. Ísland skiptir litlu máli í þessum efnum,- nema ef framtíðarsýn evrópska rafmagnskerfisins þrýstir á síðar:

Framkvæmdastofnunin ENTSO-E gerði fjórar sviðsmyndir um raforkunotkun fyrir Pan-Evrópu fyrir árin 2014 til 2050 og mælti með 4. sviðsmyndinni til 2030 í framkvæmd. Sú sviðsmynd var send ACER. Þar er greining á framboði rafmagns og tengimöguleikum raforkukerfa Evrópu til ársins 2030. Einn valkosturinn þeirra er sæstrengur milli Íslands og Bretlands. Greining þeirra gerir ráð fyrir 1.000 MW streng milli Íslands og Bretlands og er í öllum fjórum sviðsmyndum þeirra.



European Network of
Transmission System Operators
for Electricity

entsoe

**SCENARIO OUTLOOK AND
ADEQUACY FORECAST 2014-2030**

Niðurstaða þessarar skoðunar- og margar spurningar.

- **ESB ákveður hvaða gerðir skuli teknar upp í EES samninginn, sameiginlega EES nefndin samþykkir sjálfvirkt og Alþingi samþykkir ákvörðun EES nefndarinnar. –Þannig virkar EES samningurinn.**
- **Íslensk stjórnvöld reyna að finna leiðir fram hjá 2. gr. stjórnarskrárinnar til að geðjast ESB.**
Samkvæmt þessari nýju aðferð við upptöku gerða (héðan í frá) er því hægt að færa allt framkvæmdavald til ESA og allt dómsvald til EFTA dómstólsins. - Innlendar stofnanir og dómstólar áhrifalausir !!
- **Getur ein ríkisstjórn samið um valdaafsal til erlendra aðila og aðfarahæfi að ríkinu, stofnunum þess og einkaaðilum,- sem Alþingi á að samþykkja þremur árum síðar?**
- **Innlendar atvinnugreinar (fjármála- og orkugeirinn) eru komnar undir eftirlitsvald yfirþjóðlegra stofnanna sem hafa aðfarahæfi hér á landi og dómsvald á þeim sviðum er hjá erlendum dómstóli.**
- **Er það eðlilegt að erlend nefnd, sameiginlega EES nefndin, fari í raun með löggjafavaldið um öll megin svið samfélagsins?**
- **Fyrir 100 árum lauk tilskipunarvaldi Kaupmannahafnar, hvenær lýkur tilskipunarvaldi ESB um helstu innlend málefni okkar, hversu lengi mun það standa?**